



Borgarráð

Reykjavík, 14. mars 2025

MSS23080053


Umsögn menningar- og íþróttaráðs um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs.

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 27. júní 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 13. júní 2024 varðandi endurskoðun málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði var falið að leita samráðs við íþróttafélög og aðra hagaðila varðandi áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum.

Umsagnir bárust frá sjö aðilum og eru þær fsk. með bréfi þessu.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 14. mars 2025 var lögð fram og samþykkt umsögn menningar- og íþróttaráðs sbr. fsk.

Virðingarfyllst,


Steinþór Einarsson,
sviðsstjóri.

Hjálagt:

Umsagnir hagaðila

Umsögn menningar- og íþróttaráðs





ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur

Á formannafundi Íþróttabandalags Reykjavíkur sem haldinn var með fulltrúum íþróttafélaganna í Reykjavík í október s.l., var helsti dagskrárliðurinn umfjöllum um kosti og galla sölu áfengis á íþróttaviðburðum fullorðinna í borginni. Niðurstaða fundarins var skýr vilji og raunar ákall félagana um að sala á áfengi verði heimiluð; að sniðinn verði skýr rammi um með hvaða hætti slík sala ætti að vera.

Áfengissala er alþekkt á menningarviðburðum hér á landi og hefur verið lengi. Vísbendingar eru um að sala á áfengi á íþróttaviðburðum gæti orðið mikilvæg tekjulind fyrir rekstur afreksíþróttastarfs. Í ljósi tíðarandans og þeirra fordæma sem þegar eru fyrir hendi, þá er erfitt að sjá rök sem fara gegn góðu tækifæri til fjáröflunar fyrir annars fjársveltri hreyfingu.

Stjórn ÍBR er jákvæð fyrir því að áfengissala á íþróttaviðburðum fullorðinna verði heimiluð, enda verði settar skýrar reglur um fyrirkomulag sem unnið skal eftir þar sem m.a. er gætt að forvörnum gagnvart börnum og unglingum. ÍBR lýsir sig reiðubúið til koma að mótun þess ramma.

Virðingarfyllt,

f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Ingvar Sverrisson



Reykjavíkurborg
b.t. Menningar- og íþróttasvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2024
2407019/3.0

Efni: Umsögn Embættis landlæknis við hugmyndum um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs.

Embætti landlæknis vísar til bréfs dags. 1. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs. Undir þetta fellur 11. gr. sem tekur til þeirrar reglu að áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburði eða á meðan honum stendur.

Neysla áfengis hefur alvarleg áhrif á lýðheilsu og er einn af helstu áhættuþáttum fyrir slæmri heilsu, bæði andlegri og líkamlegri, ótímabærum dauðsföllum í aldurshópnum 25–29 ára og þróun langvinnra sjúkdóma á alþjóðavísu eins og fíknisjúkdóms, ákveðnum tegundum krabbameina og hjarta- og æðasjúkdómum. Þá eru samfélagsleg áhrif áfengisneyslu umtalsverð og vel þekkt.

Íþróttarviðburðir eru mikilvægur vettvangur fyrir samveru foreldra og barna og gegna þannig mikilvægu hlutverki í forvörnum gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Að venjubinda (normalisera) áfengisneyslu í tengslum við íþróttaviðburði gengur því gegn allri fyrirliggjandi þekkingu á sviði forvarna og myndi draga úr jákvæðum áhrifum samveru barna og foreldra á slíkum viðburðum. Rannsóknir hafa sýnt að neysla áfengis dregur úr gæðum samskipta, eykur streitu og ofbeldishegðun, minnkar rökhugsun sem aftur getur ýtt getur undir ófyrirsjáanlega hegðun t.d. í tengslum við íþróttir og kappleiki.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur lagt til að lágmarka þrýsting á ungt fólk að drekka, með markaðsaðferðum svo sem auglýsingum og aðgengi, sérstaklega með áherslu á sérstaka viðburði eins og íþróttaleiki.

Í yfirlýsingu um ungt fólk og áfengi frá evrópsku ráðherraráðstefnu WHO um ungt fólk og áfengi, sem haldin var í Stokkhólmi 19.-21. febrúar 2001 er gerð grein fyrir leiðarljósum, markmiðum og sérstökum aðgerðum sem aðildarríki og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að innleiða til þess að vernda ungt fólk gegn skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Þar kemur fram

að börn og unglingar eiga rétt á að alast upp í umhverfi sem er varið gegn áfengisdrykkju og markaðssetningu. Yfirlýsing þessi miðar að því að vernda börn og ungmenni fyrir þrýstingi til að drekka og draga úr skaða sem áfengi getur valdrið þeim beint eða óbeint.


Við alla ákvarðanatöku stjórnvalda er varðar áfengi er mikilvægt að lýðheilsusjónarmið séu höfð að leiðarljósi ásamt bestu þekkingu á virkum og árangursríkum aðgerðum sem draga úr skaðsemi. Rannsóknir hafa sýnt að takmarkað aðgengi að áfengi og minni sýnileiki er veigamikill þáttur í forvörnum og dragi úr skaðlegum áhrifum. Einnig er mikilvægt að virkja allt samfélagið til skilnings og samstöðu um aðgerðir og viðhorf til áfengis og annarra vímuefna.

Við síðustu aldamót tók ríkisvaldið og Reykjavíkurborg fram verkefnaáætlun til að draga úr áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna. Var þetta upphaf að mikilli breytingu í notkun unglinga á áfengi og öðrum vímuefnum, þ.e. að fara frá því að vera það land þar sem mest áfengisnotkun var með unglinga, í að vera það land þar sem unglingar nota áfengi minnst allra Evrópuþjóða. Þessi þróun hefur valdið eftirtekt víða um heim. Því er það óskiljanlegt að Reykjavíkurborg íhugi nú að gera breytingar á stefnu sinni í áfengismálum sem setur þennan árangur í hættu.

Jafnframt telur embætti landlæknis að fylgja þurfi 11. greininni betur eftir þar sem töluverð algengt er að íþróttafélög selji áfengi í tengslum við íþróttaviðburði.

Embætti landlæknis leggur því mikla áherslu á að 11 gr. verði ekki breytt og að bann við áfengisveitingum í tengslum við íþróttaviðburði standi óhaggað. Að mati embættisins er það mikilvægt að skilja milli íþróttastarfs og áfengisdrykkju með hliðsjón á áhrifum þess á ungmenni. Þátttaka ungmenna í öllu íþróttastarfi er mikilvægur þáttur í að efla lýðheilsu og heilbrigði til framtíðar og er því stólpi í forvörnum gegn áfengi og því yrði það mikil afturför að leyfa áfengisveitingar í tengslum við þær. Það má því auðveldlega færa rök fyrir því að aukið aðgengi að áfengingsneyslu á íþróttaviðburðum geri viðburðina minna barna- og fjölskylduvæna sem væri mjög neikvæð þróun og færi gegn fjölmörgum stefnum sem Reykjavíkurborg hefur sett fram eins og t.d. Lýðheilsustefnu borgarinnar.

Virðingarfyllst,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Reykjavík 18. ágúst 2024



Umsögn um áfengisveitingar í íþróttahúsum Reykjavíkurborgar MIR24070001

Við viljum þakka fyrir að kallað er eftir umsögn frá IOGT á Íslandi sem hefur verið virkt í forvörnum síðan 1884 og heldur um þessar mundir upp á 140 ára starfsafmæli. IOGT á Íslandi fagnar endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði.

IOGT á Íslandi er alfarið á móti leyfi til notkunar áfengis í íþróttahúsum eða á íþróttaviðburðum!

Fella má út úr **10. grein**: „Á veitingastað í slíku húsi sem eingöngu hefur sérinngang má þó heimila áfengisveitingar. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um veitingastaði í húsum sem einungis eru til félagsstarfs en hvorki til íþróttæfinga né keppni. Ef vafi er uppi um hvort takmarkanir eiga við samkvæmt þessari grein skal afla umsagnar íþrótt- og tómstundaráðs um málið.“ **11. greinin** er mjög skýr og til þess fallin að halda uppi góðri forvarnastefnu borgarinnar til framtíðar.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara og það er mikilvægt að nota alltaf nýjustu upplýsingar og rannsóknir í forvarnavinnu. Stutta svarið sem vísindin gefa er að aukið aðgengi að áfengi eykur notkun áfengis. Við þurfum að gæta okkur á því að áfengisíðnaðurinn er mjög ágengur í að koma sínum vörum að og ýta undir notkun með því að selja sem flestum. Það er hagur þeirra að fjölga notendum sem byrja fyrr (sem yngsta) til að tryggja sér nýja notendur. Því yngri sem fólk byrjar að nota áfengi, því líklegra er að það verði háð áfengi. Í umræðunni þarf að draga fram í dagsljósið þann gríðarlega skaða sem áfengið veldur einstaklingum og samfélaginu. Þeir sem tengjast íþróttum, íþróttahúsum og íþróttaviðburðum fá gríðarlega styrki til forvarna en hér sést berlega að allt of margir vinna sannarlega gegn forvörnum. Virða þarf barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við viljum halda í heiðri og er hluti af lögum landsins til að skapa börnum aðstæður til að alast upp við bestu hugsanlegar aðstæður.

Hefur Reykjavíkurborg eða íþróttahreyfingin bundist órjúfanlegum tengslum við áfengið? Eru hér fáránlegir hagsmunir örfárra teknir fram yfir lýðheilsu og forvarnastefnu hins opinbera, jafnvel á heimsvísu? Upp á síðkastið hefur verið þrýstingur á að leyfa áfengisveitingar á íþróttasvæðum og íþróttaviðburðum án ítarlegrar umræðu út frá grunni hugmyndafræði íþróttar (heilbrigði sál í hraustum líkama) eða forvarnasjónarmiði. Það getur aldrei verið afsökun að íþróttasvæði sem ekki annars væri fjárhagslegur grundvöllur fyrir, nema með áfengissölu stundi slíkt í nafni íþróttar. Endalaust kemur til okkar neikvæð gagnrýni á slagorðið „Íþróttir og áfengi eiga ekki samleið“ þrátt fyrir að stærsti hluti íþróttahreyfingarinnar séu börn og ungmenni. Það má snúa slagorðinu við og spyrja „Eiga íþróttir og áfengi samleið?“

Á nokkrum íþróttasvæðum er nú þegar selt áfengi fyrir og eftir íþróttaviðburði eins og fótboltaleiki og fleiri forráðamenn íþróttasvæða bíða í röðum eftir heimildum til að selja áfengi. Forráðamenn svæðanna telja að fjárhagslegur grundvöllur rekstursins sé háður innkomu af áfengissölnunni. Sambandið milli fótbolta og bjórs er í huga sumra ofur eðlilegt, nánast hefð, og slíkum hefðum breyta menn ekki nema með afleiðingum. Umræða þeirra sem vilja auka aðgengi að áfengi er hávær en fáir treysta sér til að tala hreint út það sem segja þarf: „áfengi og íþróttir eiga ekki samleið“. Áfengislaust umhverfi er sjálfsagt þar sem fjöldi barna og ungmenna sækja íþróttasvæðin. Það er

þar sem fordæmið og fyrirmyndin er sterkust. Ekki má líta fram hjá Barnasáttmálanum þar sem skýrt er kveðið á um rétt barna á að alast upp án þrýstings til að byrja notkun á áfengi.

Síðastliðin ár hafa tengsl verið rannsökuð á milli áfengisnotkunar og ofbeldis.¹ Rannsóknir leiða í ljós sterk tengsl aukinnar áfengisneyslu og aukins ofbeldi. Þetta á við um heildrænt og staðbundið. Á síðustu árum hefur ofbeldi aukist mikið. Hluti aukningarinnar getur klárlega skrifast á stóraukið aðgengi að áfengi. Það er því hægt að spyrja hvort fólk trúir því að íþróttasvæði séu undanskilin þeim vandræðum og ofbeldi sem tengjast áfengissölu.

Vitað er að gestir sem aðgang eiga að svokallaðri heiðursstúku hafa haft aðgang að áfengi. Forsvarsmenn íþróttafélaga benda gjarnan á að minni áhætta sé vegna afleiðinga þeirra, þar sem fleiri starfsmenn sinni gjarnan slíkum svæðum. Sum staðar tengjast framleiðendur áfengis málinu þar sem þeir styrkja sum íþróttafélög gegn því að auglýsa sínar vörur. Það er algjörlega óviðeigandi! Það er löngu tímabært að taka umræðuna og benda á skekkjuna sem má leiðrétta með hollari kosti ef á annað borð einhverjir eigi að hafa það betra en aðrir gestir. Það má benda á að börn og ungmenni eiga ekki að sjá fullorðna umbreytast í hegðun vegna áfengisneyslu. Það er alveg ljóst að heiðursgestir eru engin undantekning hvað varðar hegðun eftir áfengisneyslu. Engin börn telja sig í öruggu umhverfi innan ölvaða. Þrátt fyrir að almenningssamgöngur séu oftast í lagi kringum íþróttamannvirki er alltaf eitthvað um ölvunarakstur. Við vitum ekki alltaf hvað skeður þegar leikurinn er búinn. Vandræði geta hlotist hjá börnum ef foreldrar notuðu áfengi. En hvað með aðra gesti?

Það eru ekki svo mörg ár síðan að ekki þótti tiltökumál að reykja tóbak innandyra. Meirihluta fólks fannst ekkert athugasvert að því yrði hætt. Flestir geta ekki hugsað sér að breyta því til baka. Það er ekki svo galið að breyta viðhorfum þeirra sem vilja hafa áfengisveitingar á íþróttasvæðum. Aðrar þjóðir horfa til okkar áfengislaga með öfund þegar kemur að sterkum forvörnum. Það er skelfilegt að horfa upp á fólk koma af fótboltaleik erlendis svo ölvað að lögreglan þurfti að kalla til liðsauka úr hernum til að koma í veg fyrir meiri óeirðir.²

Íþróttahreyfingin á sannarlega að vinna gegn notkun áfengis tengdu íþróttastarfi. Íþróttirnar eiga að vera í áfengislausu samfélagi allra þátttakenda. Það er viðurkennt og þykir sjálfsagt að iðkendur í keppnisgreinum noti ekki áfengi enda tengist það árangri. Áfengi rýrir hæfni, skynsemi og árangur á allan hátt og áhrifin vara lengi. Það þykir líka sjálfsagt að forráðamenn, þjálfarar og aðrar fyrirmyndir drekki ekki áfengi í starfi innan íþróttahreyfingarinnar eða í starfi með börnum og ungmönnum. Þær stundir sem við erum áhorfendur íþróttar ættum við líka að vera áfengislaus. Það er hægt að finna ölvaða einstaklingar víða, en þurfum við þeirra með á íþróttaviðburðum?

Við leggjum til að allir sameinist um að frelsa alla anga samfélagsins undan gengdarlausum ágangi áfengisíðnaðarins sem aðeins vill auka notkunina og þar með sinn gróða. Við skulum halda á lofti vímuefnalausum lífsháttum og horfa til framtíðar hvað varðar neikvæðar afleiðingar notkunar áfengis við mismunandi aðstæður.

Aðalsteinn Gunnarsson

¹ Kai Pernanen (Alkohol, Vold og traumer 2013)

² Newcastle 1999

Framkvæmdastjóri IOGT á Íslandi



Reykjavík, 16. ágúst 2024

MIR24070001

UMSÖGN

Umsögn mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um endurskoðun 11. gr. málsmeðferðareglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði

Ísland hefur státað af góðum árangri undanfarna áratugi í forvörnum gegn áfengis- og vímuefna neyslu meðal barna og ungmenna. Einn burðarstólpi móðelsins er virk þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi enda hefur verið ítrekað sýnt fram á forvarnargildi slíkrar þátttöku. Stærsti iðkendahópur íþróttafélaganna eru þannig börn og ungmenni, sem einnig sækja íþróttaviðburði íþróttafélaganna í stórum stíl, oft með fjölskyldum sínum og vinum.

Þá eru þekkt tengsl milli áfengisneyslu og tíðni ofbeldis á íþróttaviðburðum.

Með ofangreint í huga er ljóst að það þarf að útfæra sölu áfengis í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði mjög vandlega, ef það skyldi leyft.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð telur ekki málefnalegar ástæður til að breyta sérstökum ákvæðum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði nema það sé gert með vissum skilyrðum.



Reykjavík



Reykjavík 27. ágúst 2024

Umsögn um grein í reglum um veitinga- og gistaða MIR24070001

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur óskaði eftir umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um ákveðna grein í reglum borgarráðs um veitinga- og gistaða frá 2017 þar sem kemur fram að "áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eruð bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur". Síðustu ár hefur borgarráð samt veitt leyfi fyrir áfengissölu í tengslum við suma íþróttaviðburðum eins og t.d. í úrslitakeppni í körfubolta karla og kvenna.

Reykjavíkurráð ungmenna tók málið fyrir á fundi ráðsins þann 26. ágúst sl. og byggir umsögnin á umræðum fulltrúa á þeim fundi auk ábendinga frá fulltrúa ráðsins sem ekki gat sótt fundinn.

Flest ungmenni tengja íþróttir og íþróttafélög við forvarnarstarf og heilbrigðan lífsstíl og finnst áfengissala og áfengisdrykkja passar illa við þessa ímynd. Börn stunda íþróttæfingar í þeim íþróttahúsum og á þeim íþróttavöllum þar sem áfengi er nú víða selt á ákveðnum viðburðum sem gerir skilin á milli forvarna og áfengisdrykkju frekar óljós fyrir þennan sama hóp. Í umræðum ráðsins kom fram það sjónarmið að það ætti að leyfa áfengissölu á viðburðum sem ekki eru einungis ætlaðir börnum enda sé áfengisdrykkja oft hluti af skemmtanamenningu fullorðinna. Bent var á að fullorðnir eru fyrirmyndir barna og áfengisdrykkja á íþróttaviðburðum getur aukið líkur á að fólk missi stjórn á skapi sínu og hagi sér þannig að það er ekki til fyrirmyndar (þó að það gerist reyndar líka án þess að verið sé að drekka áfengi) og börn eiga ekki að þurfa að horfa upp á eða upplifa þannig hegðun. Fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna eru því almennt á þeirri skoðun að fullorðnir eigi að geta skemmt sér á íþróttaviðburðum án þess að drekka áfengi. Það er talið mikilvægt að leggja áherslu á forvarnargildi íþróttar, leggja á sig fram um að gera íþróttaviðburði að jákvæðri upplifun fyrir börn og það sé hægt að gera með því að sleppa því að selja áfengi.

Því leggur meirihluti Reykjavíkurráðs ungmenna það til að reglum um áfengisveitingar verði ekki breytt og það verði áfram bannað að selja áfengi á íþróttaviðburðum eða í tengslum við þá.

*Bestu kveðjur,
Reykjavíkurráð ungmenna*

From: [Jón Aðalsteinn Bergsveinsson](#)
To: [Helga Björnsdóttir](#)
Subject: Umsögn UMFÍ vegna áfengisveitinga í íþróttahúsum
Date: föstudagur, 22. nóvember 2024 15:54:13
Attachments: [image001.png](#)
[Umsögn Revkjavíkurborg 2024.docx](#)

Þú færð ekki oft tölvupóst frá jon@umfi.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Komdu sæl,

Meðfylgjandi í viðhengi er umsögn UMFÍ vegna áfengisveitinga í íþróttahúsum í tengslum við 11. grein málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði.

Til viðbótar bendum við á umsögn Félags Íþrotta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi eftir haustfund félagsins vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Þar er lýst yfir þungum áhyggjum vegna áfengissölu á íþróttaviðburðum á Íslandi.

[FÍÆT - Ályktun FÍÆT vegna áfengissölu á íþróttaviðburðum](#)

Bestu kveðjur,

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
Kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfxa

T-póstur: jon@umfi.is
Sími: (+354) 867 3101



Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann eða dreifa honum.

Reykjavík, 22. nóvember 2024

Umsögn UMFÍ um málsmeðferðarreglur borgarráðs

Ungmennafélagi Íslands (hér eftir: UMFÍ) hefur borist ósk um umsögn um 11. grein málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Greinin fjallar um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði.

UMFÍ hefur hvatt sambandsaðila og aðildarfélög sín til þess að hefja samtal um málið þar sem aðstæður hafa breyst hratt á undanförunum mánuðum.

Málið var á dagskrá á 45. sambandsráðsfundi UMFÍ í október síðastliðnum. Þar var ein af tillögum fundarins um félög sem selja áfengi á viðburðum sínum.

Mikil umræða var um málið. Samþykkt var að fela stjórn UMFÍ að skipa starfshóp, sem fjalla mun um sölu áfengis á íþróttaviðburðum og hvernig hagsmunum barna og ungmenna sé best gætt. Starfshópurinn á að skila af sér tillögum á sambandsþingi UMFÍ haustið 2025.

Í umræðunni hafa verið tveir andstæðir pólar, annars vegar þeir sem vilja banna sölu alfarið og hins vegar þeir sem tala fyrir því að félögin sitji við sama borð og aðrir veitingasalar.

Til áherslu skal bent á að Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) er sambandsaðili UMFÍ og þar af leiðandi öll aðildarfélög bandalagsins innan UMFÍ. UMFÍ hefur í áratugi talað fyrir forvarnargildi íþróttar og samveru foreldra og barna án aðkomu áfengis.

Mikilvægt er að viðtækt samráð fari fram svo sátt ríki um málið. UMFÍ er tilbúið til þátttöku í því ferli, hvort sem um er að ræða af hálfu starfshópsins eða með fulltrúum einstakra íþróttahéraða og/eða félaga.

Auður Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMFÍ



Reykjavík, 26. ágúst 2024
MIR24070001

Menningar- og íþróttasvið

Umsögn velferðarráðs um endurskoðun á 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði

Með bréfi dags. 1. júlí 2024 óskaði sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs eftir umsögn velferðarráðs um endurskoðun á 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði.

Á fundi velferðarráðs þann 21. ágúst 2024 var meðfylgjandi umsögn um endurskoðun á 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Flokks fólksins gegn einu atkvæði fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt 11. greininni eru áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum bannaðar þó undanþágur séu mögulegar. Í reynd tíðkast þó á stærri íþróttaviðburðum fullorðinna að undanþága sé gerð. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins telur að breyta ætti greininni svo almenna reglan sé að leyfa áfengisveitingar en þá frekar skilyrða það leyfi við atburði sem eru helst sóttir af fullorðnum. Íþróttafélögin eru í eðli sínu sérfróð um lýðheilsuhlutverk sitt og þeim er treystandi til að útfæra sjálf fyrirkomulag áfengisveitinga við íþróttamannvirki sín með ábyrgum hætti. Því telur fulltrúi Sjálfstæðisflokksins eðlilegra að spara slíkar útfærslur í umsögninni þar sem íþróttamannvirkin eru mismunandi eins og þau eru mörg og íþróttafélögin eru mun kunnugri um ábyrgar lausnir á áfengisveitingu á hverjum stað en ráðsmenn velferðarráðs.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalísta telur að ekki eigi að opna á sölu áfengis á íþróttaviðburðum með þessum hætti, sérstaklega þar sem börn eru.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Til kynningar eru drög að umsögn velferðarráðs um reglur um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum. Flokkur fólksins getur tekið undir flest það sem segir í umsögn, einkum það að hagsmunir barna eigi að ráða för þegar tekin er ákvörðun um hvort leyfa eigi áfengi á íþróttaviðburðum. Flokkur fólksins telur mikilvægt að hafa lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi í allri slíkri ákvarðanatöku. Flokkur fólksins styður stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuevörnum þar sem fram kemur að ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis og að vernda viðkvæma hópa eins og börn og ungmenni, sé að takmarka aðgengi. Ef tekin verður ákvörðun um að leyfa sölu áfengis á íþróttaviðburðum þá er brýnt að það verði ýmsum takmörkunum háð eins og að einungis væri hægt að kaupa og neyta



Reykjavík



áfengis á afmörkuðu svæði stúkunnar þar sem börnum er óheimill aðgangur. Leiki hinn minnsti vafi á aldri kaupanda þarf hann að sýna viðurkennt skilríki, vegabréf eða ökuskírteini. Þá er líka mikilvægt að hafa í boði áfengislaus svæði fyrir börn og barnafjölskyldur.

Umsögnin er hér með send íprótta- og menningarsviði.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri skrifstofu stjórnslu

Hjálagt:

Umsögn um endurskoðun á 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði, samþykkt á fundi velferðarráðs 21. ágúst 2024 .



Reykjavík



Reykjavík, 19. ágúst 2024

MIR24070001

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Drög að umsögn um endurskoðun á 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði þar sem fram kemur að áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði séu bannaðar

Á fundi borgarráðs 13. júní 2024 var samþykkt að fela menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar að leita eftir samráði við íþróttafélögin og aðra hagaðila varðandi 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði, sem samþykktar voru í janúar árið 2017, en þar er að finna þá reglu að „áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburði eða á meðan á honum stendur“. Síðustu ár hefur þó verið fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði með áfengisleyfi, eftir umsögn borgarráðs. Með bréfi dags. 1. júlí 2024 óskaði sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs eftir umsögn velferðarráðs.

Umsögn:

Velferðarráð leggur ríka áherslu á að við mat á breytingum á 11. gr. málsmeðferðarreglnanna verði lýðheilsusjónarmið höfð í forgrunni og verði sérstaklega horft til þess að:

- Áfengissala sé á afviknum stað þar sem börn og unglingar hafi ekki aðgang að en ekki á svæði þar sem allir þurfa að ganga í gegnum til að komast í stúkuna.
- Að óheimilt sé að taka áfengi með í stúkuna eða að stúkunní sé skipt þannig upp að einungis væri hægt að kaupa og neyta áfengis á afmörkuðu svæði stúkkunnar þar sem börnum er óheimill aðgangur. Þá væri í boði áfengislaus svæði fyrir börn og barnafjölskyldur.
- Að takmörkun nái til áfengisstyrkleika áfengis (t.d. einungis 4% áfengisprómill í drykk).

Rök velferðarráðs fyrir ofangreindu byggja á lýðheilsusjónarmiðum með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi. Ef sú ákvörðun verður tekin að leyfa sölu áfengis á íþróttaviðburðum er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

Í lögum nr.75/1998 um verslun með áfengi og tóbak er sérstaklega kveðið á um í 2 gr. að takmarka þurfi og stýra aðgengi til að draga úr skaðlegum áhrifum, vernda ungt fólk og takmarka framboð á óæskilegri vöru:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011086.html>.

Jafnframt má benda á að stjórnvöld hafa skýra stefnu í áfengis- og vímuevörnum þar sem fram kemur að ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis og að vernda viðkvæma hópa eins og börn og ungmenni, sé að takmarka aðgengi:



Reykjavík



<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>.

Viðurkennt er að íþróttabátttaka barna er einn af grundvallarforvarvarnarpáttum í að sporna við áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglunga. Börn og unglingar sækja íþróttaviðburði og mörg hver án foreldra þar sem íþróttaiðkendur eru gjarnan hvattir til að mæta á kappleiki meistaradeildar hjá sínu liði.

Við mat á ákvörðun um breytingu á 11. gr. málsmeðferðarreglnanna vekur velferðarráð athygli á að út frá lýðheilsu- og forvarnarsjónarmiði fari ekki saman að börn séu á viðburðum þar sem áfengissala fer fram þar sem þau fá þau skilaboð að eðlilegt sé að neyta áfengis í tengslum við íþróttir.

Það er mat velferðarráðs að íþróttaviðburðir séu fjölskyldusamvera og mikilvægt sé að skapa jákvæða umgjörð um slíka viðburði. Liður í því er að vernda börn frá því að þurfa mögulega að horfa upp á óæskilega hegðun áhorfenda sem kann að skapast á íþróttaviðburðum þar sem óheft aðgengi er að áfengi.

Ekki verður litið fram hjá því að sala áfengis á íþróttaviðburðum skapar íþróttafélögum tækifæri á auknum tekjum og mörgum áhorfendum kann að þykja stemmning í því að geta haft aðgengi að áfengi og nota það skynsamlega. Íþróttafólk eru hins vegar fyrirmyndir barna í íþróttum og því gefa íþróttafélögin misvísandi skilaboð er varða forvarnir íþróttar með áfengissölu á íþróttaviðburðum. Stefna íþróttafélaganna er að þátttaka í íþróttum sé mikilvæg fyrir þroskaferli barna og unglunga skv. stefnu íþróttamála í Reykjavík til 2030. https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_i_ithrottamalum.pdf. Allt umhverfi íþróttafélaganna ætti því að vera barnvænt og þar af leiðandi mikilvægt að hafa til hliðsjónar ofangreind sjónarmið í ákvörðunartöku um hvort hverfa eigi frá núverandi orðalagi 11. gr.

Það er mat velferðarráðs að hagsmunir barna eigi að ráða för þegar tekin er ákvörðun um hvort leyfa eigi áfengi á íþróttaviðburðum sem börn hafa aðgengi að. Einnig þarf að hafa í huga að líkur eru á að áfengisneysla á íþróttaviðburðum skapi áhættu á að þeir sem sækja slíka viðburði kunni að aka heim undir áhrifum áfengis.



Umsögn menningar- og íþróttaráðs um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum

Á fundi borgarráðs 13. júní 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. júní 2024 þar sem fram kom að til stæði að endurskoða málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitinga- og gististaði. Sérstaklega stendur til að skoða ákvæði núgildandi 11. gr. málsmeðferðarreglnanna sem samþykktar voru í janúar árið 2017, en þar er að finna þá reglu að áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur. Síðustu ár hefur það þó aukist að sótt sé um leyfum til áfengisveitinga í tengslum við einstaka íþróttaviðburði og hefur Reykjavíkurborg heimilað það sérstaklega í ákveðnum tilvikum. Á Laugardalsvelli hafa verið veitt alls 25 tækifærisleyfi til áfengisveitinga á vellinum. Það fyrsta var veitt 2018, 1 leyfi var veitt það ár, 2022 voru veitt 6 leyfi. 2023 voru veitt 14 leyfi og 2024 voru veitt 5 leyfi.

Borgarráð samþykkti að leita liðsinnis menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og fól ráðinu að leita samráðs við íþróttafélögin og aðra hagaðila varðandi mögulegar breytingar á ákvæðinu

Haft var samband við 15 aðila og bárust 7 umsagnir sbr. fskj.

Eftirfarandi eru þeir aðilar sem haft var samband við:

Alþýðusamband Íslands, Barnaheill, Embætti Landlæknis, Félag áhugafólks um forvarnir og heilsueflingu, IOGT, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Íþróttabandalag Reykjavíkur, mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð, Reykjavíkurráð ungmenna, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Umboðsmaður barna, Ungmennafélag Íslands, velferðarráð.

Umsögn

Áfengisveitingar á íþróttaviðburðum hafa lengi verið umdeildar og snerta siðferðileg, félagsleg og efnahagsleg sjónarmið. Hér verður farið yfir helstu efnisatriði sem fram koma í umsögnunum

Í umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur kemur fram að stjórnin er jákvæð fyrir því að áfengissala á íþróttaviðburðum fullorðinna verði heimiluð, enda verði settar skýrar reglur um fyrirkomulag sem unnið skal eftir þar sem m.a. er gætt að forvörnum gagnvart börnum og unglingum. ÍBR lýsir sig reiðubúið til koma að mótun þess ramma.

Í umsögn frá Embætti landlæknis segir m.a.: „Neysla áfengis hefur alvarleg áhrif á lýðheilsu og er einn af helstu áhættuþáttum fyrir slæmri heilsu, bæði andlegri og líkamlegri, ótímabærum dauðsföllum í aldurshópnum 25–29 ára og þróun langvinnra sjúkdóma á alþjóðavísu eins og fíknisjúkdóms, ákveðnum tegundum krabbameina og hjarta- og æðasjúkdómum. Þá eru samfélagsleg áhrif áfengisneyslu umtalsverð og vel þekkt. Íþróttaviðburðir eru mikilvægur vettvangur fyrir samveru foreldra og barna og gegna þannig mikilvægu hlutverki í forvörnum gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Að venjubinda (normalisera) áfengisneyslu í tengslum við íþróttaviðburði gengur því gegn allri fyrirliggjandi þekkingu á sviði forvarna og myndi draga úr jákvæðum áhrifum samveru barna og foreldra á slíkum viðburðum. Rannsóknir hafa sýnt að neysla áfengis dregur úr gæðum samskipta, eykur streitu og ofbeldishegðun, minnkar rökhugsun sem aftur getur ýtt getur undir ófyrirsjáanlega hegðun t.d. í tengslum við íþróttir og kappleiki.“ „Embætti landlæknis leggur því mikla áherslu á að 11 gr. verði ekki breytt og að bann við áfengisveitingum í tengslum við íþróttaviðburði standi óhaggað. Að mati embættisins er það mikilvægt að skilja milli íþróttastarfs og áfengisdrykkju með hliðsjón á áhrifum þess á ungmenni. Þátttaka ungmenna í öllu íþróttastarfi er mikilvægur þáttur í að efla lýðheilsu og heilbrigði til framtíðar og er því stólpi í forvörnum gegn áfengi og því yrði það mikil afturför að leyfa áfengisveitingar í tengslum við þær. Það má því auðveldlega færa rök fyrir því að aukið aðgengi að áfengisneyslu á íþróttaviðburðum geri viðburðina minna barna- og fjölskylduvæna sem

væri mjög neikvæð þróun og færi gegn fjölmörgum stefnum sem Reykjavíkurborg hefur sett fram eins og t.d. Lýðheilsustefnu borgarinnar.“

Í umsögn IOGT segir m.a.: „IOGT á Íslandi er alfarið á móti leyfi til notkunar áfengis í íþróttahúsum eða á íþróttaviðburðum!“ „Íþróttahreyfingin á sannarlega að vinna gegn notkun áfengis tengdu íþróttastarfi. Íþróttirnar eiga að vera í áfengislausu samfélagi allra þátttakenda. Það er viðurkennt og þykir sjálfsagt að iðkendur í keppnisgreinum noti ekki áfengi enda tengist það árangri. Áfengi rýrir hæfni, skynsemi og árangur á allan hátt og áhrifin vara lengi. Það þykir líka sjálfsagt að forráðamenn, þjálfarar og aðrar fyrirmyndir drekki ekki áfengi í starfi innan íþróttahreyfingarinnar eða í starfi með börnum og ungmönnum. Þær stundir sem við erum áhorfendur íþróttta ættum við líka að vera áfengislaus.“

Í umsögn mannréttinda- og lýðræðisráðs segir m.a.: „Ísland hefur státað af góðum árangri undanfarna áratugi í forvörnum gegn áfengis- og vímuefna neyslu meðal barna og ungmenna. Einn burðarstólpi mótelsins er virk þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi enda hefur verið ítrekað sýnt fram á forvarnargildi slíkrar þátttöku. Stærsti iðkendahópur íþróttafélaganna eru þannig börn og ungmenni, sem einnig sækja íþróttaviðburði íþróttafélaganna í stórum stíl, oft með fjölskyldum sínum og vinum. Þá eru þekkt tengsl milli áfengisneyslu og tíðni ofbeldis á íþróttaviðburðum. Með ofangreint í huga er ljóst að það þarf að útfæra sölu áfengis í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði mjög vandlega, ef það skyldi leyft.“

Í umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna segir m.a.: „Bent var á að fullorðnir eru fyrirmyndir barna og áfengisdrykkja á íþróttaviðburðum getur aukið líkur á að fólk missi stjórn á skapi sínu og hagi sér þannig að það er ekki til fyrirmyndar (þó að það gerist reyndar líka án þess að verið sé að drekka áfengi) og börn eiga ekki að þurfa að horfa upp á eða upplifa þannig hegðun. Fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna eru því almennt á þeirri skoðun að fullorðnir eigi að geta skemmt sér á íþróttaviðburðum án þess að drekka áfengi. Það er talið mikilvægt að leggja áherslu á forvarnargildi íþróttta, leggja á sig fram um að gera íþróttaviðburði að jákvæðri upplifun fyrir börn og það sé hægt að gera með því að sleppa því að selja áfengi.“

Í umsögn UMFÍ segir m.a.: „Mikilvægt er að víðtækt samráð fari fram svo sátt ríki um málið. UMFÍ er tilbúið til þátttöku í því ferli, hvort sem um er að ræða af hálfu starfshópsins eða með fulltrúum einstakra íþróttahéraða og/eða félaga.“

Í umsögn velferðarráðs segir m.a.: „Velferðarráð leggur ríka áherslu á að við mat á breytingum á 11. gr.málsmeðferðarreglnanna verði lýðheilsusjónarmið höfð í forgrunni og verði sérstaklega horft til þess að:

- 1) Áfengissala sé á afviknum stað þar sem börn og unglingar hafi ekki aðgang að en ekki á svæði þar sem allir þurfa að ganga í gegnum til að komast í stúkuna.
- 2) Að óheimilt sé að taka áfengi með í stúkuna eða að stúkunn sé skipt þannig upp að einungis væri hægt að kaupa og neyta áfengis á afmörkuðu svæði stúkunnar þar sem börnum er óheimill aðgangur. Þá væri í boði áfengislaus svæði fyrir börn og barnafjölskyldur.
- 3) Að takmörkun nái til áfengisstyrkleika áfengis (t.d. einungis 4% áfengisprómill í drykk).

Í lögum nr.75/1998 um verslun með áfengi og tóbak er sérstaklega kveðið á um í 2 gr. að takmarka þurfi og stýra aðgengi til að draga úr skaðlegum áhrifum, vernda ungt fólk og takmarka framboð á óæskilegri vöru:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011086.html>.

Jafnframt má benda á að stjórnvöld hafa skýra stefnu í áfengis- og vímuefnum þar sem fram kemur að ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis og að vernda viðkvæma hópa eins og börn og ungmenni, sé að takmarka aðgengi:

<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skырslur->

2014/stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf.

Viðurkennt er að íþróttabátttaka barna er einn af grundvallarforvarvarnarþáttum í að sporna við áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglunga. Börn og unglingar sækja íþróttaviðburði og mörg hver án foreldra þar sem íþróttaiðkendur eru gjarnan hvattir til að mæta á kappleiki meistaradeildar hjá sínu liði.

Við mat á ákvörðun um breytingu á 11. gr. málsmeðferðarreglnanna vekur velferðarráð athygli á að út frá lýðheilsu- og forvarnarsjónarmiði fari ekki saman að börn séu á viðburðum þar sem áfengissala fer fram þar sem þau fá þau skilaboð að eðlilegt sé að neyta áfengis í tengslum við íþróttir.

Samantekt:

Menningar – og íþróttaráð telur að í innsendum umsögnum komi fram mikilvæg sjónarmið um forvarnir, lýðheilsu og vernd barna og ungmenna sem nauðsynlegt sé að horfa til í þessu máli. Meðal þeirra röksemda sem ráðið vill halda til haga eru eftirfarandi:

Áhrif á íþrótaanda: Áfengisneysla fellur ekki vel að sjónarmiðum um heilbrigðan lífsstíl sem íþróttir standa fyrir. Sérstaklega á fjölskylduvænum viðburðum getur áfengisneysla sent röng skilaboð, sérstaklega til barna og ungmenna.

Hætta á ölvun og ólátum: Aukin neysla áfengis getur leitt til ósæmilegrar hegðunar, sem truflar aðra áhorfendur og dregur úr öryggistilfinningu. Þetta gæti haft neikvæð áhrif á aðsókn fjölskyldna og minni hópa.

Fjárhagsleg rök: Veitingasala, þar með talið áfengra drykkja skapar veigamiklar tekjur fyrir íþróttafélög og rekstraraðila mannvirkja. Sérstaklega á stærri viðburðum er áfengissala oft stór hluti af tekjum. Þessar tekjur má nota til að styðja við starfsemi félaganna, bæta aðstöðu og fjárfesta í barna- og unglíngastarfi.

Erfiðari framkvæmd: Að hafa áfengisveitingar í mannvirkjum kallar á auknar kröfur um eftirlit og löggæslu. Álagið á starfsfólk eykst og kostnaður vegna öryggisþjónustu gæti jafnvel vegið upp á móti hagnaði af sölu.

Áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum eru flókið álitamál sem krefst samræmingar milli rekstraraðila, áhorfenda og íþróttafélaga. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli þess að mæta þörfum fullorðinna áhorfenda og vernda heilbrigðan og öruggan íþrótaanda.

Menningar- og íþróttaráð leggur áherslu á að skýrari ramma vantar varðandi veitingasölu á íþróttaleikjum, ramma sem tekur mið af þeim sjónarmiðum sem koma fram í mörgum umsögnum um mikilvægi þess að standa vörð um lýðheilsu- og forvarnarsjónarmið og hag barna og ungmenna. Ráðið leggur áherslu á að áður en skref væru tekin í þá átt að breyta málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði og þá sérstaklega 11. grein reglnanna sem kveður á um bann við veitingu áfengra drykkja á íþróttaviðburðum, þurfi viðkomandi hagaðilar, í þessu tilviki Knattspyrnusamband Íslands eftir atvikum í samráði við Íþróttasamband Íslands, ÍBR og UMFÍ að leggja fram sannfærandi tillögur um regluverk sem tryggði að börn og ungmenni væru varin fyrir óæskilegum áhrifum af slíkri veitingasölu, eins og rakið er í álitum flestra umsagnaraðila. Dæmi um slíkar reglur væri að einskorða sölu og neyslu við ákveðin svæði á völlum þar sem börn undir lögaldri hafa ekki aðgang og heimila ekki að farið verði með áfenga drykki upp í áhorfendastúkur til að virða rétt barna, ungmenna og annarra sem vilja njóta íþróttakappleikja í áfengislausu umhverfi. Þá er hvatt til víðtækrar umræðu í íþróttahreyfingunni um samhengi forvarnarmála og sölu áfengis á íþróttaviðburðum og mikilvægi þess að skýr rammi sé um framkvæmdina og eftirlit á íþróttaviðburðum um land allt.

